

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 17.04.2018
Tilv. 2018/0289 - 0.3.01
SGI

Efni: Umsögn Neytendastofu um drög að frumvarpi til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu

Vísað er til máls S-40/2018, um drög að frumvarpi til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu á samráðsgátt. Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um málið og vill vekja athygli á athugasemendum er að neðan greinir.

Athugasemdir við áhrifamat

Neytendastofa telur ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Neytendastofa vill þó benda á að í skjalinu „Mat á áhrifum“ er gert ráð fyrir að varanlegur stjórnsýslukostnaður verði 3 m. kr. sem verði fjármagnaður af fjárlögum, annars vegar með 1 m.kr. sem þegar sé í ramma Neytendastofu og hins vegar með 2 m.kr. viðbættu framlagi.

Í 1. mgr. 19. gr. núgildandi laga nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir, er kveðið á um eftirlitsgjald, en þar segir að vottunaraðili sem gefi út fullgild vottorð skuli greiða gjald að fjárhæð 1.000.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögunum. Í frumvarpi til laga um rafræna auðkenningu og traustþjónustu er ekki gert ráð fyrir að traustþjónustuveitendur greiði eftirlitsgjald og fellur því út sú 1 m. kr. sem áður var greidd til ráðuneytis af hálfu eftirlitsskyldra aðila. Því verður að gera ráð fyrir 3 m.kr. ramma af fjárheimildum ráðuneytisins en ekki 2 m.kr., eins og segir í matinu.

Neytendastofa fagnar því að 2 stöðugildi séu áætluð vegna eftirlits og framkvæmdar sem er að mati FESA (vettvangur evrópskra eftirlitsstjórnvalda um rafræna traustþjónustu) lágmarksfjöldi til að annast eftirlit með ákvæðum eIDAS reglugerðarinnar, enda fer Neytendastofa með allt eftirlit með fullgildum traustþjónustuveitendum og þeim sem eru ekki fullgildir samkvæmt frumvarpinu.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Svava G. Ingimundardóttir
Svava G. Ingimundardóttir
lögfræðingur

Helga Sigurðardóttir
Helga Sigurðardóttir
fjármálastjóri